

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg.

#### 1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 903/2008, sbr. 2. gr. hennar.

#### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- |   |            |
|---|------------|
| a) Skráning   | kr. 8.500  |
| b) Skráning eftir útrunninn frest, sbr.<br>1. mgr. 2. gr. samþykktar um hundahald | kr. 15.000 |
| c) Bráðabirgðaskráning  | kr. 2.000  |

#### 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 14.200

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

#### 4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

#### 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds kr. 12.000

Önnur afhending hunds, ef hún er innan tveggja mánaða kr. 17.000

Þriðja afhending hunds, ef hún er innan tveggja mánaða kr. 22.000

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

#### 6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. mars og eindagi 31. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

#### 7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

#### 8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 903/2008, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 11/2010.

*Selfossi, 5. janúar 2011.*

**Ásta Stefánsdóttir,**  
framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. janúar 2011